

## Sjóvá – Árshlutauppgjör

### Hagnaður 3.044 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2019

#### Priðji ársfjórðungur 2019

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 880 m.kr. (3F 2018: 708 m.kr.)
- Tap af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 239 m.kr. (3F 2018: 426 m.kr. tap)
- Heildarhagnaður tímabilsins 443 m.kr (3F 2018: 140 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins 0,0% (3F 2018: -0,8%)
- Samsett hlutfall 89,0% (3F 2018: 91,3%)

#### 9M 2019 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 1.869 m.kr. (9M 2018: 1.151 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 1.714 m.kr. (9M 2018: 685 m.kr. tap)
- Heildarhagnaður tímabilsins 3.044 m.kr (9M 2018: 259 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins 7,8% (9M 2018: -0,1%)
- Samsett hlutfall 93,7% (9M 2018: 97,8%)
- Uppfærðar horfur fyrir árið 2019 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% (óbreytt) og að hagnaður fyrir skatta verði um 4.200 m.kr. (úr 4.300 m.kr.) Uppfærðar horfur til næstu 12 mánaða (4F 2019 – 3F 2020) gera ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta nemi um 3.000 m.kr. og að samsett hlutfall verði um 95%
- Uppfærðar horfur taka tillit til afkomu félagsins það sem af er fjórða ársfjórðungi

#### Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma á fyrstu níu mánuðum ársins nam 3.044 m.kr. og skiptist afkoma fyrir skatta nokkuð jafnt á milli váttryggingarekstrar og fjárfestingarstarfsemi sem er einkar ánægjulegt. Samsett hlutfall fyrir fyrstu níu mánuði ársins er 93,7% samanborið við 97,8% í fyrra. Samsett hlutfall á 3F var 89,0% samanborið við 91,3% í fyrra og grunnreksturinn heldur þannig áfram að styrkjast. Iðgjöld vaxa um rúmlega 14,3% á fyrstu níu mánuðum ársins og sem fyrr hefur höfuðáhersla verið lögð á heilbrigðan iðgjaldavöxt, þ.e. að tjón aukist ekki til jafns við iðgjöld og hefur það tekist með agaðri iðgjaldasetningu og góðu áhættumati.

#### Stofn í 25 ár

Í ár eru 25 ár síðan Sjóvá hóf að endurgreiða tjónlausum viðskiptavinum í Stofni hluta iðgjalda sinna. Á þessum árum hafa rúmlega 70 þúsund fjölskyldur fengið endurgreiðslu og nemur heildarfjárhæð stofnendurgreiðslunnar á núverandi verðlagi 10,5 ma.kr. 15 þúsund fjölskyldur hafa fengið endurgreitt oftar en tíu sinnum og átta viðskiptavinir hafa fengið stofnendurgreiðslu öll 25 árin.

Í vildarþjónustunni Stofni eru nú 35 þúsund fjölskyldur og hefur þeim fjölgað mikið síðustu misseri. Það sem af er árinu 2019 hafa 20 þúsund fjölskyldur fengið endurgreiðslu fyrir tjónleysi og tryggt við félagið. Stofnendurgreiðslan er mikilvæg aðgreining félagsins á tryggingamarkaði og gefur okkur færi á að umbuna okkar bestu viðskiptavinum árlega.

#### Ávöxtun eignasafns og horfur

Ávöxtun eignasafns félagsins var undir væntingum á fjórðungnum en neikvæð þróun á hlutabréfamarkaði ásamt niðurfærslu á fasteignaþróunarsjóðnum Gamma Novus vega þar þyngst. Ávöxtun eignasafns félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins er hins vegar yfir væntingum, bæði af skráðum hlutabréfum og skuldabréfum.

Horfur félagsins hafa verið uppfærðar úr 4.300 m.kr. hagnaði fyrir skatta í 4.200 m.kr. hagnaði fyrir skatta á árinu 2019. Áfram er gert ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% á árinu 2019.

Horfur um afkoma fyrir skatta til næstu 12 mánaða (4F 2019 – 3F 2020) eru óbreyttar í 3.000 m.kr. Horfur um samsett hlutfall til næstu 12 mánaða er óbreytt í 95%. Horfur taka tillit til afkomu félagsins það sem af er fjórða ársfjórðungi.“

### **Kynningarfundur 31. október kl. 16:15**

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi 2019, fimmtudaginn 31. október kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni [www.sjova.is/afkomukynningar](http://www.sjova.is/afkomukynningar)

### **Fjárhagsdagatal**

Ársuppgjör 2019 – 13. febrúar 2020

Aðalfundur 12. mars 2020

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website [www.sjova.is](http://www.sjova.is)

### **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

	3F 2019	3F 2018	%	9M 2019	9M 2018	%
<b>Vátryggingastarfsemi</b>						
Iðgjöld tímabilsins	5.385	4.767	13,0%	15.402	13.481	14,3%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-222	-232	-4,3%	-706	-694	1,8%
<b>Eigin iðgjöld</b>	<b>5.163</b>	<b>4.535</b>	<b>13,8%</b>	<b>14.695</b>	<b>12.787</b>	<b>14,9%</b>
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	262	294	-11,1%	823	851	-3,3%
Aðrar tekjur	29	4		149	20	
Heildartekjur af vátryggingarekstri	5.454	4.834	12,8%	15.667	13.658	14,7%
Tjón tímabilsins	-3.749	-3.324	12,8%	-11.134	-10.247	8,7%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	86	76	13,9%	247	517	-52,3%
<b>Eigin tjón</b>	<b>-3.663</b>	<b>-3.248</b>	<b>12,8%</b>	<b>-10.888</b>	<b>-9.730</b>	<b>11,9%</b>
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-911	-879	3,7%	-2.911	-2.777	4,8%
<b>Heildargjöld af vátryggingarekstri</b>	<b>-4.574</b>	<b>-4.127</b>	<b>10,8%</b>	<b>-13.798</b>	<b>-12.507</b>	<b>10,3%</b>
<b>Hagnaður af vátryggingarekstri</b>	<b>880</b>	<b>708</b>	<b>24%</b>	<b>1.869</b>	<b>1.151</b>	<b>62%</b>
<b>Fjárfestingarstarfsemi</b>						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	-157	-349	-55,1%	1.981	-417	
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-83	-78	6,6%	-267	-268	-0,5%
<b>Hagnaður/tap af fjárfestingarstarfsemi</b>	<b>-239</b>	<b>-426</b>	<b>-43,8%</b>	<b>1.714</b>	<b>-685</b>	
<b>Hagnaður/tap fyrir tekjuskatt</b>	<b>640</b>	<b>281</b>		<b>3.583</b>	<b>466</b>	
Tekjuskattur	-197	-141		-538	-206	
<b>Heildarhagnaður/tap tímabilsins</b>	<b>443</b>	<b>140</b>		<b>3.044</b>	<b>259</b>	
	<b>3F 2019</b>	<b>3F 2018</b>		<b>9M 2019</b>	<b>9M 2018</b>	
Tjónahlutfall	69,6%	69,7%		72,3%	76,0%	
Endurtryggingahlutfall	2,5%	3,2%		2,5%	1,2%	
<b>Tjóna- og endurtryggingahlutfall</b>	<b>72,1%</b>	<b>72,9%</b>		<b>74,8%</b>	<b>77,2%</b>	
Kostnaðarhlutfall	16,9%	18,4%		18,9%	20,6%	
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>89,0%</b>	<b>91,3%</b>		<b>93,7%</b>	<b>97,8%</b>	
Ávöxtun eigin fjár	11,9%	3,9%		27,3%	2,4%	
Hagnaður á hlut	0,32	0,10		2,22	0,19	
Eigið fé	15.869	13.534		15.869	13.534	
Gjaldþolshlutfall	1,59	1,52		1,59	1,52	

Samstæðureikningur fyrir þriðja ársfjórðung 2019 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 31. október 2019. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.